

**336. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 3. nóvember 2025 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri, Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2510173 - Hestamannafélagið - reiðstígar, húsnæði ofl**

Fulltrúar frá Hestamannafélaginu Dreyra mæta á fundinn til umræðu um reiðstíga og húsnæði hestamannafélagsins.

Stefán Ármannsson og Birkir Snær Guðlaugsson sitja fundinn undir þessum lið.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fulltrúum Dreyra þeim Stefáni Ármannssyni og Birki Snæ Guðlaugssyni fyrir komuna á fundinn og góðar umræður um málefni félagsins og þau verkefni sem þarf að ráðast í til að bæta öryggi hestamanna á svæðinu. Ráðið mun hafa það til hliðsjónar við gerð fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2026.*

*Gestir vikja af fundi.*
- 2. 2507075 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.**

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun lögð fram til kynningar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir, fjármálastjóri, sat fundinn undir þessum lið.

*Farið yfir fjárfestinga- og framkvæmdaráætlun.*
- 3. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Verkefnaskrá skipulags- og umhverfisráðs lögð fram.

*Verkefnaskráin yfirfarin. Skipulags- og umhverfisráð hyggst taka verkefnaskrá aftur fyrir ráðið fyrir áramót.*
- 4. 2502161 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut**

Kynningarfundur fyrir nýtt deiliskipulag Kirkjubrautar var haldinn 13. október 2025. meðfylgjandi er fundargerð og umsagnir sem bárust á kynningartíma.

*Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fundargerð og felur skipulagsfulltrúa áframhaldandi vinnu í málinu.*
- 5. 2503090 - Vesturgata 131 breyting á þaki - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Meðfylgjandi er fyrirspurnartillaga að breytingum á einbýlishúsi á lóðinni Vesturgötu 131. Óskað er eftir afstöðu Skipulags- og umhverfisráðs á fyrirhuguðum breytingum.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í breytinguna.*

**6. 2502172 - Esjubraut - hraðakstur**

Ítrekaðar ábendingar hafa komið frá íbúum við Esjubraut milli hringtorgs og Vesturgötu um hraða ökutækja á svæðinu og meðfylgjandi slyshættu. Lögð er fram tillaga um uppsetningu 2 hraðabunga í stað hliða og takmörkun hraða við 40 km á milli þeirra.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að setja 2 hraðabungur í stað núverandi merkinga og takmarka hraða við 40 km milli þeirra.*

**7. 2510177 - Gangbraut við Heiðarbraut**

Umferðaröryggi við gangbraut á Heiðarbraut tekið til umræðu.

*Fyrirhugað er að setja steypa stétt út að akbrautinni á næsa ári. Umhverfisstjóra falið að fylgja málinu eftir.*

**8. 2502214 - Kirkjubraut 4-6 umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsóknaraðili hefur óskað eftir að breyta umsókn sinni frá síðasta fundi. Sótt er um deiliskipulagsbreytingu á Akratorgsreit, í breytingunni felst að færa lóðarmörk Kirkjubrautar 4-6 og Suðurgötu 67 um 4m frá húsvegg Kirkjubraut 4-6 lóðin fer úr 681,9 fm í 711,4 fm, einning verður komið fyrir gluggum á jarðhæð í átt að Suðurgötu 67. Heimilt verður að hafa gistiheimili fyrir 8 herbergi í flokki 2 með aðkomu frá Suðurgötu, frá Kirkjubraut verður að skrifstofu og verslunarhúsnæði.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt skal fyrir Kirkjubraut 1,2,3,5,6 og Suðurgötu 65,67,68,70,71,72. Lóðarhafi ber allan kostnað af breytingunni.*

**9. 2508153 - Suðurgata 50a - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna breytinga á tvíbýlishúsi við Suðurgötu 50A, núverandi gildandi teikningar eru með tveimur fastanúmerum og einni leigueign. Sótt var um breytingar á húsnæði þannig að úr verði 4 íbúðir, fjögur fastanúmer. Skipulags og umhverfisráð tók neikvætt í erindið og fól skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

Synjun á var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. október 2025. Samkvæmt ráðleggingu ytri ráðgjafa er lagt til að við skipulags- og umhverfisráð taka málið upp aftur.

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna umsögn og leggja fyrir næsta fund ráðsins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:31.**

